


Tengja posa frá Straumi

Síðast uppfært 07/07/2026 12:29 pm BST



Hvernig virkar posatenging?

Hægt er að tengja posa frá Straumi við sölukerfi Noona. Með því hoppar upphæðin beint í posann um leið og þú velur greiðslukort sem greiðslumáta í sölukerfi Noona og reikningurinn merkist sem greiddur um leið og posafærslan fer í gegn. Þetta tryggir það að reikningar séu að stemma við færslur í posanum, réttur posi sé valinn við afgreiðslu og síðan skapar þetta auðvitað aukin þægindi & tímasparnað.

Setja upp posatengingu

Ert þú að nota Noona HQ í vafra eða appið? Það skiptir ekki máli á hvorum staðnum þú tengir posann en hér fyrir neðan eru leiðbeiningar fyrir hvoru tveggja.

Ertu verktaki?

Áður en þú byrjar á því að tengja posann passaðu þá upp á að eftirfarandi atriði séu í lagi:

1. Þú ert skráð/-ur inn á þinn eigin Noona HQ aðgang. Ef þú ert ekki viss geturðu farið undir **Stillingar** - > **Almennt** og séð þar netfangið sem er innskráð.

2. Sért skráð/-ur sem verktaki í sölukerfinu. [Smelltu hér](#) til þess að finna upplýsingar um hvernigi það er gert.

3. Nú er allt klárt og þú getur fylgt leiðbeiningunum hér að neðan.

1. Farðu í **Valmyndina** sem þú finnur uppi í vinstra horninu (ef þú ert í vafra) en niðri í hægra honinu (ef þú ert í appinu). Svona lítur merkið út:



2. Því næst skrollarðu neðst niður undir **Stillingar** → **Greiðsluleiðir** sem þú finnur undir **Sala** (ef þú ert í vafra) eða smellir á **Þrjá punktana** uppi í hægra horninu → **Stillingar** → **Greiðsluleiðir** (ef þú ert í appinu).



Ef þú ert með hlutverkastillingar sem kallast **Starfsmaður** í Noona HQ getur þú ekki séð flipann **Greiðslumáti**. Því myndir þú fyrst þurfa að biðja eiganda um leyfi fyrir þessum stillingum.

Hlutverk			
Getur eytt viðhengjum	☒	☒	☐
Getur breytt nöfnum viðskiptavina	☒	☒	☐
▼ Notendur			
	Eigandi	Starfsmaður	Bókari
Can access the staff list, manage users and invitations, and manage work hours for all staff	☒	☐	☐
▼ Greiðslur			
	Eigandi	Starfsmaður	Bókari
Getur gefið út reikninga í eigin nafni og átt við eigin greiðsluleiðir	☒	☒	☐
Getur átt við allar greiðslur	☒	☐	☐
Getur átt við öll uppgjör greiðslna	☒	☐	☐
▼ Sölukerfi			
	Eigandi	Starfsmaður	Bókari
Getur átt við vörur (stofnað, breytt og eytt)	☒	☒	☐
Getur séð eigin útgefna reikninga	☒	☒	☐

3. Nú smellirðu á **Tengja posa** → **Tengja Straums posa**.

Tengja posa

**Tengja Teya posa**
Tengdu Teya posann til að taka við kortgreiðslum

**Tengja Verifone posa**
Tengdu Verifone posann þinn til að taka við kortgreiðslum

**Tengja Straums posa**
Tengdu Straums posann þinn til að taka við kortgreiðslum

**Sækja um posa**
Ekki með posa? Þú getur sótt um í gegnum samstarfsaðila okkar.

Hætta við

4. Nú opnast gluggi þar sem þú þarft að setja inn **User ID** og **API ykil**. Þegar það er klárt smellirðu á **tengjast**.

Tengjast Verifone

Verifone User ID

Verifone API lykill

Hætta við

Tengjast



Veistu ekki hvar User ID og API lykilinn er?

Þú færð User ID og API lykill sent með öruggum hætti í tölvupósti frá Straumi á þitt skráða netfang. Þessar upplýsingar notar þú til þess að setja inn í reitina í skrefi 4.

5. Velur réttan posa út frá S/N númerinu sem þú finnur aftan á posanum þínum.

6. Velur hvaða útgefanda á að tengja við posann.

7. Ef þú ert nú þegar með tengdan posa smellirðu á gamla posann sem er nú þegar tengdur undir greiðsluleiðir og smellir á **aftengja frá útgefanda**.

Nú er allt klárt og upphæðin úr sölukerfinu byrjar að hoppa inn í posann!

Ef þú ert með einhverjar spurningar ekki hika við að hafa samband í gegnum spjallbúbbbluna. Hlökkum til að heyra

frá þér! 
